

*Brjef landshöfðingja* (til stiptsyfirvaldanna).

Eptir tillögum ráðgjafans fyrir Ísland hefur hans hátign konunginum þóknast 13. f. m. allramildlegast að veita hinum 3 yngstu börnum Jens rektors Sigurðssonar og húsrúar hans Ólafar, en þessir foreldrar eru dánir: Ragnheiði, Ingibjörgu og Þórði, sjerhverju barni 160 króna árlegan styrk frá 1. janúar þ. á., þangað til það er fullra 18 ára gamalt.

Um leið og þetta er tjáð stiptyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, skal jeg mælast til þess, að það verði tilkynt hlutaðeigöndum, að ef styrkur verði látinn standa ókrafinn um 1 ár, falli hann fyrir það ár til landssjóðsins, og að styrkur missist alveg, ef hans eigi er krafzt í 3 ár, nema lögleg forföll sannist.

Landfógetanum hefur verið ritað um að greiða þessar styrksupphæðir úr jarðabókar-sjóðnum gegn tilhlýðilegum kvittunum og lífsvottorðum.

*Brjef landshöfðingja* (til bæjarstjórnarinnar í Reykjavík).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 27. f. m. ritað mjer á þessa leið:

»Sökum bónarbrjefs þess, er sent var með þóknanlegu brjefi herra landshöfðingjans 15. marz síðastl., og þar sem bæjarstjórnin í Reykjavík hefur mælt til, að bæjarfógeta embættið samastaðar verði skilið frá sýslumannsembættinu í Gullbringu og Kjósarsýslu, skal eigi undanfellt með þessu brjefi þjónustusamlega að tjá til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir bæjarstjórninni, að ráðgjafinn verði að vera yður samdóma um, að reynslan enn þá eigi sje búin að sýna, að sameining sú á hinum nefndu embættum, er hefur átt sjer stað, og með tilliti til launa embættanna úr landssjóði er æskileg, sje óhagkvæm. Vissulega má telja allt embættið með hinum örðugri dómaraembættum á landinu, en ráðgjafinn ætlar að bæjarfógetinn, ef hann hefur að minnsta kosti 1 löglerðan embættisritara, en embættistekjur hans eru svo miklar, að hann er fær um það, muni geta gegnt embættisstörfum sínum þannig, að eigi geti verið nein ástæða til umkvörtunar. Skyldi samt reynslan síðarmeir sýna, að annaðhvort vegna fólksfjölgunar kaupstaðarins eða af öðrum ástæðum væri nauðsynlegt eður haganlegt að gjöra ráðstöfun þá, sem getið er um, mun ráðgjafinn taka spurninguna um það til ihugunar».

Þetta er með þessu brjefi þjónustusamlega tjáð bæjarstjórninni.

*Brjef landshöfðingja* (til póstmeistarans).

Með þessu brjefi var póstmeistarannum sagt frá samningi þeim um almennt póstsamband, sem gjörður var í Bern 9. október 1874 milli allra ríkja í Norðurálfunni og bandaríkjana í Norður-Ameríku um 3 ára tímabil frá 1. júlí þ. á. 1; þá var einnig kynnt póstmeistarannum reglugjörð um afgreiðslu póstsendinga, sem samþykkt var um leið og samningurinn. Í brjefinu kemst landshöfðingi meðal annars svo að orði:

Af reglugjörðinni sjest, að Ísland hefur sem hluti Danaveldis verið tekið inn í hið nefnda samband og mun Ísland þannig njóta allra þeirra hagsmuna, sem samningurinn heimilár sambandslöndunum. Með honum er ekki gjörð nein breyting á ákvörðunum þeim, sem eru settar með auglýsingu frá 26. septbr. 1872, reglugjörð þeirri, er fylgir henni, og síðari ákvörðunum um sambandið milli hinna almennu dönsku og hinna sjerlegu íslenzku póstmála, en Bernarsamningurinn kemur í stað þess, sem í nefndri auglýsingu, reglugjörð og öðrum ákvörðunum, hefur verið fyrirskipað um brjefsendingar yfir

1) Frakkland gengur fyrst að samningnum frá 1. janúar 1876 og þangað til viðhelzt gamla burðargjaldið fyrir brjefsendingar til þessa lands.

Hinn 23. júlí 1875.